

taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Skattur nýtur lögveðsréttar í húseignum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fellð reglugerð nr. 157 11. nóvember 1958 um holræsi í Raufarhafnarhreppi.

Félagsmálaráðuneytið, 8. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Raufarhafnar.

1. gr.

Vatnsveita Raufarhafnar er fyrirtæki, sem Raufarhafnarhreppur er eigandi að og rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila, þjónustu iðnfyrirtækja og allri annarri starfsemi, sem vatn þarf að nota í Raufarhafnarhreppi, eftir því, sem við verður komið og nánar fram tekið í reglugerð þessari.

2. gr.

Vatnsveita Raufarhafnar er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Raufarhafnarhrepps, með sérstöku reikningshaldi. Reikningar Vatnsveitu Raufarhafnar skulu jafnan fylgja reikningum Raufarhafnarhrepps til endurskoðunar og samþykktar.

3. gr.

Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps hefur æðsta vald í málefnum vatnsveitunnar, en í umboði hennar hefur sveitarstjóri, oddviti, eða hver sá, sem hreppsnefnd ræður til þess að fara með daglega umsjón, rekstur og framkvæmd starfa, er vatnsveituna varða.

4. gr.

Vatnsveita Raufarhafnar hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns í Raufarhafnarhreppi, er vatnsveitan nær yfir, og getur fullnægt, einnig til hafnar og sölu vatns til skipa, einnig til nýtingar vatnslinda í landi Raufarhafnarhrepps, til vatnsnota.

5. gr.

Vatnsveita Raufarhafnar lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupúnið, sem henta þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegar-

stæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að, enda sé húsið reist með samþykki byggingarnefndar.

Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar á sinn kostnað.

6. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveituna, skal senda beiðni til umsjónarmanns, enda sé vatnið ætlað til heimilisþarfa. Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni. Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur. Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geta ekki séð atvinnutækjum eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægjanlegu vatni, er neytanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur, eftir úrskurði vatnsveitunnar. Vatnsveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskylda á götuæðum, enda þótt húseigendur hafi í upphafi að einhverju eða öllu leyti, borið þann kostnað, er af lögninni leiddi, nema öðruvísi verði um samið. Vatnsveitan annast kaup og viðhald brunahana.

7. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu hóflega viðar, nægilega djúpt í jörð og að öðru leyti í samræmi við samþykkt þessa. Engar vatnsæðar má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Vatnsveitan hefur rétt til að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseiganda. Áliti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

8. gr.

Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar, eða hluti þeirra, skuli lagðar af starfsmönnum hennar á kostnað húseiganda. Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja saman húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar. Vatnsveitan getur ákveðið að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð og gefur þá fyrirmæli um vidd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt. Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu foheld og upphituð. Húseigendum ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum, frá aðalæð, á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Þótt leka hafi orðið vart, getur vatnsveitan, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti. Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

Eftirlitsmenn skulu hafa frjálstan aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss og skulu húseigendur gefa upplýsingar um vatnsnotkun, sem óskað er eftir. Þeim er heimilt að fara um lóðir vatnsnotenda til að athuga um vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu vatnsveitunnar, sem nauðsynlegar kunna að teljast.

9. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum þeirra, sem eftir itrekaðar áminningar eyða vatni að óþörfu t. d. sirennisli vegna frosthættu, nota það þannig, að óþrifum eða óþægindum valdi, eða vanræki viðhald á pípum og tækjum tengdum vatnsveitunni.

Jafnframt er heimilt að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar, sem fyrirsjáanlega verða ekki teknar í notkun innan árs.

10. gr.

Heimilt er að fyrirskipa takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Einnig að loka fyrir vatnið vegna viðgerða og hreinsunar, og takmarka það á vissum tíma í senn eftir atvikum. Jafnan skal auglýsa slíkar aðgerðir með svo rúnum fyrirvara, sem kostur er.

11. gr.

Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkviliðsmenn, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða eigu vatnsveitunnar. Óheimilt er öðrum en slökkviliði, lögreglu og starfsmönnum vatnsveitunnar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, nema með sérstöku leyfi. Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum vegna hugsanlegra aðgerða, sem nefndar eru í 10. og 11. grein.

12. gr.

Húseigandi, sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar, skal leggja fram teikningar af vatnskerfi sínu ef óskað er.

Húseigandi skal greiða stofngjald til vatnsveitunnar, áður en tenging fer fram og skal það miðast við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 6.00 á hvern rúmmetra húss allt að 2000 rúmmetra stærð, en kr. 4.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram.

13. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar þ. e. mat mannvirkja og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1973. Upphæð vatnsskatts skal vera 0.15% af framangreindu mati. Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en kr. 1500.00 fyrir hverja skattskylda fasteign. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging fer fram. Sé bygging eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu og vatni er veitt í eða vatnsæð er frá. Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts.

- a. Vatnsnot í steypu til iðnaðar kr. 10.00 fyrir hver 100 kg af sementsnotkun.
- b. Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldneytissölu, skal greiða kr. 5000.00 á ári fyrir vatnsnotin.
- c. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða aukagjald kr. 2.00 á hverja slátraða sauðkind.
- d. Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 10.00 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald er fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til pökkunar og pæklunar, skal greiða kr. 5.00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- e. Fyrir vatnsnotkun til síldarbræðslu skal greiða kr. 35.00 fyrir hvert landað síldartonn og kr. 20.00 fyrir hvert landað tonn af öðrum afla.
- f. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 25.00 á hverja smálest af innvegnum fiski, þar sem ekki er vatnsmælir.
- g. Greiðsla fyrir vatn, sem er til skipa og báta í Raufarhafnarhöfn, skal vera kr. 40.00 fyrir hvern rúmmetra, lágmarksgjald til fiskiskipa kr. 200.00 og annarra kr. 500.00, þó skulu fiskiskip, gerð út frá Raufarhöfn, ekki greiða fyrir vatn.
- h. Gjöld fyrir ótalin vatnsnot skulu fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

14. gr.

Þar sem vatnsnot eru mikil eða komi í ljós, að þau sé óeðlileg, er sveitarstjórn heimilt að krefjast aukavatnsskatts samkvæmt mælingum eða eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Aukavatnsskattur skal miðaður við kr. 2,50 á hvern rúmmetra vatns. Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

15. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli, greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins. Vatnsveitan sér um eðlilegt viðhald mælisins, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta. Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað. Vatnsveitan sjálf ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Ber húseiganda að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust um bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða þeirra var.

16. gr.

Vatnsskatt skal greiða eigi síðar en 15. júlí ár hvert og ber að greiða skattinn á skrifstofu hreppsins. Aukavatnsskatt sky. mæli skal greiða í lok hvers ársfjórungs.

17. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við fasteignamatið 1972 og breytast síðar í samræmi við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Sveitarstjórnin getur hækkað eða lækkað um allt að 50%, framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

18. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta.

Skattur nýtur lögveðsréttar í húseignum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Sé vatnsskattur eða vatnslögn í vanskilum, er sveitarstjórn heimilt að láta loka vatnsrennsli til gjaldanda og heimilt að krefjast allt að kr. 500.00 opnunargjalds, þegar skil hafa verið gerð á vatnsskattinum eða vatnsgjöldunum.

19. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggir fyrir að lögum. Mál út af broti á reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Raufarhafnar nr. 156 10. nóvember 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 8. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.